



Skrifstofur Garðabæjar
b.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Stofnun Garðabæjar
07.04.2015
9.30
1504038

Reykjavík, 30. mars 2015
Tilv.: 1305018

**Efni: Upplýsingabeiðni vegna markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaði -
Skipulags- og lóðarúthlutanir sveitarfélaga**

Í júní 2013 var að frumkvæði Samkeppniseftirlitsins hafin markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðnum á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. lög nr. 14/2011 (hér eftir samkeppnislög). Beinist markaðsrannsóknin að því að meta hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem mögulega koma í veg fyrir, takmarka eða kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns, sbr. 2. mgr. 16. gr. fyrrnefndra laga. Með aðstæðum er átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulagi eða uppbyggingu þeirra fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt hefur skaðleg áhrif á samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga.¹

Sé þörf á getur markaðsrannsókn einnig tekið til athafna opinberra aðila sem áhrif hafa á þeim markaði sem er til athugunar, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr., b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, sbr. 3. mgr. 1. gr. reglna nr. 490/2013 um markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins, sbr. einnig eftir atvikum 18. gr. samkeppnislaga. Að lokinni upplýsingaöflun og greiningu gagna verður birt svokölluð frummatsskýrsla eftirlitsins en í henni verða tekin saman drög að niðurstöðu markaðsrannsóknar. Telji Samkeppniseftirlitið þá nauðsynlegt að beita heimildum sínum skv. fyrrgreindri 16. gr. samkeppnislaga verður slíkt gert með útgáfu sérstaks andmælaskjals, álits eða tilmæla, sbr. III. og IV. kafla fyrrgreindra reglna nr. 490/2013.

Einn þáttur sem rannsakaður er við markaðsrannsókn þessa varðar það hvort lagaumhverfi, stefna eða aðrir þættir sem varða skipulags- og lóðarúthlutunarmál

¹ Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna á eftirfarandi vefslóð:
<http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/markadsrannsokn/>



sveitarfélaga komi í veg fyrir, takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni á eldsneytismarkaði hér á landi almenningi til tjóns.

Með bréfi þessu óskar Samkeppniseftirlitið eftir eftirfarandi upplýsingum:

- i) Hvort og þá hvaða reglur, stefnur o.s.frv. eru í gildi hjá sveitarfélaginu um skipulagsáætlanir og lóðaúthlutanir til fyrirtækja sem hyggja á sölu eldsneytis (s.s. bensín eða dísilolíu) í smásölu (þjónustu- og sjálfsafgreiðslustöðvar). Í dæmaskyni um slíka stefnu má nefna að Reykjavíkurborg samþykkti árið 2009 að ekki yrðu reistar nýjar bensinstöðvar í Reykjavík nema samsvarandi fjöldi yrði lagður niður í staðinn, ásamt því að í Aðalskiplagi Reykjavíkur 2010-2030 er sett fram sérstök stefna um bensinstöðvar, m.a. almennar heimildir um hvar bensínsala er heimil og síðan markmið um fjölda þeirra og ákveðnar kröfur eru gerðar til nýrra stöðva þar sem áhersla er lögð á litlar stöðvar innan gróinna atvinnusvæða en ekki á stakstæðum lóðum.
- ii) Í álit Samkeppniseftirlitsins 3/2009, *Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni – Meginreglur um samkeppni við skipulag og lóðaúthlutanir* beindi Samkeppniseftirlitið átta meginreglum til sveitarfélaga sem hafa ætti til hliðsjónar við skipulagsmálefni og úthlutun á lóðum, sem stuðlað gætu að virkri samkeppni. Vinsamlega tilgreinið hvort og hvernig sveitarfélagið hefur haft umræddar meginreglur til hliðsjónar við skipulagsmálefni og ákvarðanir um lóðaúthlutanir til fyrirtækja sem hyggja á sölu eldsneytis (s.s. bensín eða dísilolíu) í smásölu(þjónustu- og sjálfsafgreiðslustöðvar).

Telji sveitarfélagið þörf á því að leggja fram frekari sjónarmið um þennan þátt markaðsrannsóknarinnar þá er óskað eftir því sömuleiðis.

Góðfúslega er óskað eftir að svör og eftir atvikum gögn berist Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en 14. apríl næstkomandi, sbr. 3. mgr. 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Nánari upplýsingar veitir Hulda Hákonardóttir, huldah@samkeppni.is, hjá Samkeppniseftirlitinu í síma 585-0721.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Hulda Hákonardóttir

Hulda Hákonardóttir